

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar.

1. gr.

Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í, skal vera 0.5% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts.

Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 21.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 15.00 á hvern rúmmetra í öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð almenns vatnsskatts aldrei vera hærri en svarar kr. 26.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er.

Almennur vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 000 af skattskyldri fasteign. Af bílaþvottaplani greiðist aukaskattur kr. 10 000.

Framangreindir gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss og lágmarksvatnsskattur af fasteign skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 7.00 fyrir hvern teningsmetra vatns. Gjaldstuðull á teningsmetra skal breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

3. gr.

Gjald fyrir vatn til skipa skal vera kr. 50.00 fyrir hvern teningsmetra vatns, en þó aldrei lægra en kr. 500.00 fyrir hvert skip.

4. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, og ef mælingu verður ekki komið við, skal greiða gjöld, sem hreppsnefndin ákveður.

5. gr.

Stofngjald húsa skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1 500 og leiga kr. 1 500 á ári fyrir hvern mæli.

7. gr.

Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda þótt ekki liggi fyrir fasteignamat.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.